

1875

85 65 krónur, verða greidd herra amtmanninum úr jarðabókarsjóðnum samkvæmt hjálagðri ávísun.
15da nóvbr.

86

22da nóvbr.

Brjef landshöfðingja (til stiptysfirvaldanna).

Samkvæmt tillögum stiptysfirvaldanna í brjefum frá 30. f. m., og 11. þ. m. skal samþykkt, að prestur Stafholts- og Hjarðarholtssafnaðar, prófastur sira Stefán Þorvaldsson er hefur byrjað endurbyggingu Stafholtskirkju og eytt sjóði kirkjunnar til þess, en nú skortir fje til að enda við þessa byggingu — megi taka til þess allt að 600 króna lán, er leggist á prestakall það, er kirkjan fylgir, ávaxtist með 4 af hundraði árlega, og endurborgist af tekjum prestakallsins á næstkomandi 10 árum með tíunda hluta á hverju ári.

Þetta er tjáð stiptysfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

87

30sta nóvbr.

Brjef landshöfðingja (til póstmeistarans).

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 13. þ. m. ritað mjer á þessa leið :

«Eptir að ráðgjafinn hafði sent innanríkisstjórninni erindi það, sem fylgdi þóknanlegu brjefi herra landshöfðingjans frá 22. júlí þ. á. frá neðri deild alþingis þess, er átt var í sumar, um nokkur atriði í ferðaáætlun hins íslenska póstgufuskips, hefur nefnd stjórn skýrt frá, að samkvæmt ósk þeirri, sem sett hafi verið fram í nefndu erindi, muni á ferðaáætluninni fyrir næsta ár verða gjörð sú breyting, að komið verði við í Seyðisfirði í stað Beroðsfjarðar á 3 sumarferðunum, og að gert verði skipinu að skyldu samkvæmt því, er nákvæmar mun verða lagt fyrir skipstjórnann, að biðja fyrir utan Seyðisfjörð allt að 3 dægum og við Vestmannaeyjar allt að 1 dögri til þess að komast að þessum stöðum; og hefur stjórnin bætt því við, að nauðsynlegt muni verða vegna þessara breytinga að sleppa komu skipsins að Granton, þannig að það í þess stað á hverri ferð komi við í Leirvík; en að það þá verði mögulegt að láta skipið samkvæmt ósk þeirri, er komið hefur fram við annað tækifæri, á 3 sumarferðunum fara ferð til Stykkishólms eptir komuna til Reykjavíkur».

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð herra póstmeistarann til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

88

30sta nóvbr.

Auglýsing um póstmál.

Ráðgjafinn fyrir Ísland hefur 13. þ. m. samþykkt eptirritaðar breytingar á reglum þeim, sem gjörðar eru í 2. 7. og 8. gr. auglýsingar frá 3. maím. 1872 um setningu póstafrgreiðslu og brjefhirðingastada, um laun fyrir sýslanir þessar og um aðal- og aukapóstferðir.

Aðalpóstferð þeirri, sem getur um í 7. gr. auglýsingar frá 3. maí 1872 milli Reykjavíkur og Ísafjarðar yfir Stykkishólmi, skal breytt þannig :

a, að aðalpósturinn fari beinlínis milli Reykjavíkur og Ísafjarðar án þess að koma við á Stykkishólmi.

b, að aukapóstur gangi frá Hjarðarholti í Dalasýslu yfir Breiðabólstað á Skógarströnd til Stykkishólms og þaðan um Snæfellsness- og Hnappadalssýslur, er halda brjefhirðingarstöðunum á Búðum, Rauðkollstöðum og Stadarhrauni, aptur að Stykkishólmi og þaðan að Hjarðarholti í Dalasýslu.

c, að Strandasýslupóstur milli Bæjar og Stadar í Steingrímsfirði hætti göngu sinni og í hans stað komi aukapóstur frá Melum í Strandasýslu yfir Borðeyri og Prestsbakka að Stað í Steingrímsfirði.